

13. MARS 2019

# SKÝR MERKI UM KÓLNUN

## HORFUR HAFA VERSNAÐ AÐ MATI FORSVARSMANNA IÐNFYRIRTÆKJA

Ákveðinn vendipunktur hefur orðið í efnahagsmálum á Íslandi en talsvert hefur hægt á vexti hagkerfisins og hagvaxtarhorfur versnað til muna. Sést þetta glögglega í nýrri könnun sem fyrirtækið Outcome framkvæmir meðal félagsmanna Samtaka iðnaðarins í febrúar ár hvert. Könnunin byggir á svörum tæplega 300 félagsmanna samtakanna í framleiðsluiðnaði, byggingar- og mannvirkjaiðnaði og hugverkaiðnaði.


Mun færri telja aðstæður í efnahagslífinu góðar til atvinnureksturs í febrúar í ár en á sama tíma á árunum 2016 til 2018. Væntingar forsvarsmanna iðnfyrirtækja til efnahagsaðstæðna á næstunni eru einnig á hraðri niðurléið. Bera niðurstöðurnar vott um þá miklu óvissu sem ríkir með efnahagshorfur nú á vормánuðum, m.a. vegna kjaraviðræðna.

Skyndileg breyting í viðhorfum gefur til kynna að vendipunktur í efnahagsmálum sé í nánd. Sést það meðal annars á stöðunni á vinnumarkaði en samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar hyggjast íslensk iðnfyrirtæki skera niður í starfsmannahaldi á næstunni og hækka vöruverð til að mæta fyrirséðum launahækkunum í komandi kjarasamningum.

## MUN FÆRRI META EFNAHAGSAÐSTÆÐUR GÓÐAR

Á árunum 2016 og 2017 töldu meirihluti félagsmanna Samtaka iðnaðarins að aðstæður í íslensku efnahagslífi væru góðar fyrir þeirra fyrirtæki. Mikill viðsnúningur hefur átt sér stað frá þeim tíma en aðeins um 40% aðspurðra telja efnahagsaðstæður nú góðar fyrir þeirra fyrirtæki miðað við rúmlega 63% á sama tíma árið 2018.


Hlutfall sem meta efnahagsaðstæður góðar fyrir þeirra fyrirtæki



Forsvarsmenn stórra fyrirtækja telja efnahagsaðstæður verri en forsvarsmenn lítilla fyrirtækja en rúmlega 40% fyrirtækja með yfir 3 milljarða í veltu árlega telja að efnahagsaðstæður séu slæmar fyrir þeirra fyrirtæki. Það er mikil hækkun frá febrúar 2018 þegar aðeins um fjórðungur stórra fyrirtækja töldu efnahagsaðstæður slæmar fyrir þeirra fyrirtæki.

Væntingar forsvarsmanna iðnfyrirtækja til hagvaxtar á næstunni eru á hraðri niðurleið en um þriðjungur forsvarsmanna allra fyrirtækja í iðnaði telja að aðstæður í efnahagslífinu versni á næstu 6-12 mánuðum miðað við 14% á árinu áður. Mestrar svartsýni gætir meðal stórra fyrirtækja en um 70% forsvarsmanna í fyrirtækjum með yfir 3 milljarða í veltu eru á því að efnahagsaðstæður versni á næstunni. Er það mikil breyting frá fyrra ári.


### Hlutfall aðspurðra sem telja að efnahagsaðstæður versni fyrir þeirra fyrirtæki á næstu 6-12 mánuðum



### FYRIRTÆKIN BÚA SIG UNDIR NIÐURSVEIFLU


Niðurstöður þessarar nýju könnunar bera vott um talsverða kólnun á vinnumarkaði. Forsvarsmenn 67% iðnfyrirtækja telja þannig ekki vera skort á starfsmönnum sem er mikil hækkun frá fyrra ári en árin 2017 og 2018 var hlutfallið um 48%. Á sama tíma hefur hlutfall aðspurðra sem finna fyrir skorti á starfsmönnum lækkað umtalsvert, úr 44% í 27%. Um 75% fyrirtækja segja helst skorta iðnmenntað starfsfólk.

### Er skortur á starfsfólki í þínu fyrirtæki?




Stærri hluti forsvarsmanna iðnfyrirtækja hyggjast nú fækka starfsfólki en fyrri ár. Á það sérstaklega við um stærri fyrirtæki en yfir 40% fyrirtækja með yfir 3 milljarða í veltu hyggjast segja upp starfsfólki á næstu 6-12 mánuðum og um 35% fyrirtækja sem eru með yfir 100 manns í vinnu. Það er um tvöföldun frá fyrra ári.

## Hlutfall aðspurðra sem hyggjast fækka starfsfólki á næstu 6-12 mánuðum



Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar hyggjast 52% forsvarsmanna iðnfyrirtækja mæta launahækkunum með verðlagshækkunum. Um 45% hyggjast mæta slíkum hækkunum með því að skera niður kostnað, þ.e. um 23% með því að fækka starfsfólki og 22% með því að skera niður annan rekstrarkostnað. Ljóst er því að launahækkanir munu leiða til aukins atvinnuleysis í iðnaði og verðbólguþrýstings í hagkerfinu.

## Hvernig ætlarðu að mæta launahækkunum?



Hvernig metur þú aðstæður í efnahagslífinu á Íslandi fyrir þitt fyrirtæki?\*

	Mjög góðar	Frekar góðar	Frekar slæmar	Mjög slæmar
2018	9,1%	54,3%	9,1%	3,5%
2019	0,4%	39,4%	20,5%	1,9%

Ef horft er 6-12 mánuði fram í tímann, hvernig metur þú aðstæður í efnahagslífinu fyrir þitt fyrirtæki m.v. aðstæður í dag?

Hlutfall aðspurðra sem telja að efnahagsaðstæður versni:

	Öll fyrirtæki	Lítill	Meðalstór	Stór
2018	14,1%	5,5%	9,5%	43,8%
2019	32,0%	20,7%	27,3%	70,6%

Er skortur á starfsfólki í þínu fyrirtæki núna?\*

	Já	Nei
2018	44,4%	48,3%
2019	27,5%	66,8%

Hver er áætluð fækkun starfsfólks á næstu tólf mánuðum?

Hlutfall aðspurðra sem hyggjast fækka starfsfólki:

	Öll fyrirtæki	Lítill	Meðalstór	Stór
2018	10,7%	7,3%	14,3%	18,8%
2019	15,9%	9,4%	18,2%	41,2%

\*Aðrir eru hlutlausir eða kjósa að svara ekki